

Borgarfjarðarhreppur  
Sigurður Jónsson  
Hreppsstofa  
720 Borgarfjörður (eystri)

Reykjavík 12. maí 2020  
UST202005-042/A.B.  
10.04.00


**Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004 – 2016 og ný deiliskipulög – Íbúðarsvæði í Bakkagerði**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Borgarfjarðarhrepps er barst 6. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingartillögu á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004 – 2016 og nýjum deiliskipulögum fyrir Bakkaveg og Sæbakka.

Í greinargerð kemur fram að breytingin á aðalskipulagi gengur út á að íbúðarsvæði ÍB1 austan og vestan Bakkavegar er stækkað, verslunar- og þjónustusvæði BV4 fyrir gistihús er stækkað til norðurs, úr 0,95 ha í 1,18 ha og þéttbýlissvæði stækkað og þéttbýlismörkin færð um 41 m til norðurs.


Í greinargerð deiliskipulags við Bakkaveg kemur fram að skilgreina á 12 einbýlishúsalóðir og í greinargerð deiliskipulags við Sæbakka kemur fram að skilgreina á 7 einbýlishúsalóðir.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreindar tillögur og gerir ekki athugasemdir við þær.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur